



Stjórnarfundur 2 fimmtudaginn 18. júní 2009 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt: Jason Ívarsson, formaður. Stefán Jóhannesson, Davíð Búi Halldórsson var í síma. Svala Vignisdóttir og Aðalheiður Sigursveinsdóttir boðuðu forföll ásamt Óskari Haukssyni, Valdimar Hafsteinssyni og Hreggviði Norðdahl.

Dagskrá fundarins

- Mótamál
- Fræðsla dómara, þjálfara
- fjármál, styrktaraðilar
- Strandblak
- starfsmannamál
- Önnur mál

Fundargerð

Mótamál

- Frkv.stj. hefur sent bréf til þeirra liða sem rétt eiga á að færast upp í efstu deild. Svör frá nokkrum félögum hafa borist og önnur eru enn að hugsa sinn gang. Þróttur Rc í kvenna sagði nei, Eik á Akureyri er að hugsa málið ennþá. Í karlaflokki hefur Þróttur R2 svara neitandi og Þróttur Nes er enn að ihuga málið og svara næstkomandi mánudag.
- Í kvennaflokki var KA boðið sæti og hefur formaður blakdeildar tekið við þessu sæti með ánægjuóskum til stjórnar BLÍ. Ljóst er því orðið að KA verður með lið bæði í karla og kvenna á næstu leiktíð.
- HK Utd. hefur einnig lýst yfir áhuga á að komast í 1. deild kvenna frá ársþinginu en þær koma næstar í röðinni ef fleiri lið detta út.
- Sævar mun áfram vinna í því að fá fleiri lið í efstu deild og reyna að fylla deildina fyrir mánaðarmót.
- Ljóst er að það þarf að færa lið úr 3. deild kvenna upp í 2. deild. Stefnt er að svipuðu keppnisfyrirkomulagi í þeim deildum eins og var í vetur, þó með þeim breytingum að keppt verður í einni deild en ekki í riðlum.
- Stigagjöfinni hefur verið breytt í 2-0 aftur, þ.e. unninn leikur gefur 2 stig og tapður leikur 0 stig.

Fræðsla dómara, þjálfara

- Það þarf að halda nokkur dómara námskeið í haust. Það hafa komið óskir um að fá námskeið á Hvolsvöll, Snæfellsnes, Akureyri og í Neskaupstað. Einnig er í athugun að halda námskeið á höfuðborgarsvæðinu. Hugmyndir komu fram um að halda endurmenntunarnámskeið fyrir landsdómara til þess að koma fleiri dómurum í gang t.d. á Akureyri og fyrir austan.
- Tilmælin frá BLÍ um að hvert félag sendi 1 landsdómara og 1 héraðsdómara til starfa í deildakeppni er enn í gildi en þarf að hnykkja á því við félögin.
- Þjálfaramenntun hjá BLÍ er bráðnauðsynleg. Magnús Aðalsteinsson hefur haft samband við Stefán um að koma bandaríkjamönnum til landsins til að halda stórt námskeið. Það kostar of mikið og því er markmiðið okkar að reyna að nýta kraftana hérna innanlands. Viðar Sigurjónsson er fræðslustjóri ÍSÍ og hefur hnykk á því við BLÍ um að sjá um sinn hluta af þjálfaramenntuninni.

BLÍ á strangt til tekið að mennta þjálfara í sérgreinarhlutanum, það hefur ekki gengið vel undanfarin ár og því kom Viðar að þessu máli við framkvæmdastjórnann í apríl mánuði.

- Þurfum klárlega að nýta okkur tengslin við Viðar jafnt sem Guðmund Helga hjá FIVB um þjálfaranámskeið í framtíðinni.
- Varðandi námskeiðahald skal hafa í huga haustmót BLÍ gæti verið hentug helgi til að halda námskeið, hvort sem er þjálfaranámskeið og/eða dómarnámskeið. Auglýsing eftir mótshaldara fyrir haustmót skal fara út fljótlega.

Fjármál

- Þessum lið var frestað til frekari umræðna á næsta fundi. Þó var farið létt yfir núverandi skuldastöðu sem er um 5-6 milljónir. Allir þátttakendur á Smáþjóðaleikunum eru með sínar greiðslur í skilum.

Strandblak

- Ákveðið var að Stefán og Jason myndu hitta strandblaksnefndina sem allra fyrst og ganga frá málum er starfsemi strandblaks á Íslandi og aðkomu BLÍ að þeim málum. Ljóst er að áhuginn fer vaxandi og vellirnir spretta upp.

Starfsmannamál

- Framkvæmdastjórinn fer í sumarfrí 15. júlí og er væntanlegur úr fríi 17. ágúst, eða um það bil. Tilkynning um þetta skal fara út fljótlega og þar skal málum vísað á stjórn BLÍ.

Önnur mál

- Bréf Sigurðar Arnars frá KA um KEA-styrk var tekið fyrir. Jason mun svara bréfinu.
- Skólastjóri Íþróttaskóla Vals hafði samband og vildi fá krakkablaksefni. Þessu hefur nú þegar verið sinnt.
- Þórgímur Þráinsson og menntamálaráðuneytið óskaði eftir fundi vegna Íþróttavakningu framhaldsskólanna og verður sá fundur í byrjun júlí.
- Nýir boltar og skiptisþjöld: Verður allt saman tekið í notkun formlega í haust og verðum við að koma tilkynningu til félaganna um þetta strax. Viðræður eru í gangi við MIKASA um kaup á boltum til endursölu til félaganna. Skiptisþjöldin eru orðin stærsti hlutinn af leikmannaskiptingum í blaki og skiptir aðstoðardómarinn sér mjög lítið af skiptingum.
- Blakið á landsmótinu í farvegi. Landsmótið verður á Akureyri 9.-12. júlí en BLÍ kemur þar ekkert við sögu nema að farið er eftir reglugerð um félagaskipti. Haukur Valtýsson er í landsmótsnefnd og í forsvari úrskurðarnefndar og hefur beðið framkvæmdastjóra um að vera til taks ef eitthvað kemur upp.
- Útbreiðslumál: Rætt aðeins um það að ráða aðstoðarmann í útbreiðsluna en ekkert ákveðið.
- Kjúpurferðin gekk vel og komu bæði landsliðin heim með bronsverðlaun. Kvennaliðið okkar fékk háttvísiverðlaun leikanna.
- Ferð karlaliðsins til Luxemborgar er að mestu klár og hópurinn á fullu í æfingum eins og staðan er.
- NEVZA mót fyrir U17 ára var fellt út en það átti að vera haldið í Noregi síðar á þessu ári. Mikið áhyggjuefni og veltu fundarmenn því upp að athuga hvort Ísland gæti tekið þetta að sér. Þarf að stilla dæminu upp hvað þetta kostar okkur og hvaða tekjupósta við fengjum.
- Afreksstefna – þarf að skoða og endurskoða

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18.15

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð